



Í maí 1852 skrifaði Kristín Jónsdóttir Krabbe (1841–1910) Jóni Sigurðssyni bréf til Kaupmannahafnar en Jón var góðvinur föður hennar, Jóns Guðmundssonar.

Á bakhlið bréfsins stendur:

„ ... og kötturinn á öðrum sal, eða sem dónarnir kalla hana bjálkaloft. Ég ætla að biðja yður um að kaupa fyrir mig og senda mér með næstu ferð Comedíuna „Abekatten“ og legg hér innan í 2 mörk og ef það ekki er nóg, ætla þér að gjöra svo vel að borga það sem vantar. Ég bið kærlega að heilsa öllum, einkum frúnni og Sigríði.

Yðar góði vin  
Stína Jónsdóttir“




LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS  
HÁSKÓLABÓKASAFN

Júlí 2015 - Halldóra Kristinsdóttir og Sigríður Hjördís Jörundsdóttir

# Börn skrifa

- sýning í forsal Íslandssafns



# Children write

- exhibition at the National and University Library of Iceland

# Börn skrifa

Fáein handrit og bréf barna eru varðveitt í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og má hér sjá nokkur dæmi um handrit sem tengjast börnum. Tvö bréf eru frá systurum sem skrifuðu bróður sínum, sem var fluttur að heiman, annað bréf er frá ungru stúlku til Jóns Sigurðssonar forseta og einnig bréf og teikning frá ungum dreng til bróður síns í fjarlægum landi. Lítið bænakver sem faðir gaf eins árs gömlum syni sínum og sálmasafn sem ung stúlka fékk frá systur sinni. Þá eru hér til sýnis handrit tveggja systkina frá unglingsárum.

Líkast til liggja spor barna víðar í handritum. Oft og tíðum má sjá að ýmiss konar skrifraræfingar hafa verið gerðar í auðar síður handrita og ekki ólíklegt að börn og ungmenni hafi þar átt hlut að máli.

Á sýningunni er m.a. bænakver: „Nokkrar ágætar bænir sem lesast mega á móti umsátrum illra manna samantekið og anno skrifað 1700.“ Í handritinu stendur: „Hannes Andrésson á þetta kver en enginn annar því það hefur hans faðir gefið honum að Tungu anno 1775. Andrés Hannesson.“ Hannes var fæddur árið 1774 og var því einungis eins árs þegar faðir hans gaf honum handritið.

Einnig er á sýningunni sálmasafn: „Nokkrar andlegar söngvísur með ýmsu sálmalagi.“ Í bókinni kemur fram að Katrín Ögmundsdóttir hafi fengið hana að gjöf frá systur sinni, Guðrúnu. Svo virðist sem barn hafi skrifað þessar línur og jafnframt æft sig að skrifa í línunum fyrir neðan.

Nokkuð er varðveitt af bókum sem systkinin Sólveig (1873–1900) og Kristján (1877–1965) Ásgeirsbörn á Skjaldfönn í Ísafjarðarsýslu skrifuðu á unglingsárum. Flestar innihalda bækurnar uppskriftir af rímum og má sjá dæmi um þær á sýningunni (sjá forsíðu).

Hér til hliðar má sjá bréf og teikningu frá Þorleifi Jónssyni 14 ára til yngri bróður í fjarlægum landi. Í bréfinu segist Þorleifur sjaldan fá tíma til að leika sér, það sé helst að hann gefi sér tíma til að teikna skip. Bréfinu fylgir svo ein slík teikning.

# Children write

A few children manuscripts and letters are preserved in the National and University Library's manuscript collection. This exhibition shows some examples of manuscripts related to children. Here are two letters written by sisters to their brother who had moved from home, another letter from a young girl to Jón Sigurðsson and a letter and drawing from a young boy to his brother in Copenhagen. Here is also a booklet of prayers given by a father to his one year old son and a book of psalms given to a young girl from her sister. Also exhibited, are two manuscripts written by siblings in their teenage years.

Tracks by children can be found elsewhere in manuscripts. In some manuscripts, originally empty pages show some kind of writing exercises, which are most likely by children or teenagers.

